

Kvenbúningurinn og launhelgarnar

Í fljótu bragði mætti það virðast næsta fráleitt að tala um búning kvenna í sambandi við hin duldu fræði, leyndardómsskóla fornaldar, launhelgarnar eða „mysteria“, og það því fremur ef mönnum dytti í hug að seilast svo langt að tala um íslenska kvenbúninginn í því sambandi. En víða getur frómur flækst og því gæti svo farið að það væri engin firra að athuga nokkur atriði í sambandi við búning kvenna hér á landi í þessu sambandi.

Það er að öllum líkindum nánara samband á milli íslensku og norrænu menningarinnar og fornrar menningar, t.d. Egypta, en menn í fljótu bragði halda.


Ekki er það ætlun mín að sanna sambandið á milli þeirra atriða í kvenbúningnum sem hér verður minnst á, heldur aðeins að benda á nokkrar líkur í því efni.

Það er frá almennu sjónarmiði löng leið frá hinum fornu Egyptum til Íslands, mælt í tíma og rúmi, en frá sjónarmiði eilífðarinnar er allt öðru máli að gegna. Þá verður hvort tveggja stutt.

Hin skráða saga mannkynsins er ekki nema lítið brot af lífi þess hér á jörðu, talað frá sjónarmiði dulfræðanna.

Þegar Solon átti tal við einn Æðstaprestinn í Khem í Egyptalandi, sagði presturinn honum, að áður en sólin hefði í þriðja sinni verið í Meyjarmerkinu hefði Sfinxin egypska verið fyrir langalögnu sandorpin og menn hafi ekki haft hugmynd um hve lengi hún hafi verið þarna fyrir þann tíma. Samkvæmt dýrahringnum, sem skráður var á loftið í musterinu í Denderah, hafi liðið a.m.k. 62 til 87 þúsund ár síðan sólin var stödd í Meyjarmerkinu í fyrsta sinni af þeim þremur sem áður er sagt. Það líða sem sé 25.920 ár á milli þess að sólin er í sama stað í dýrahringnum.

Að minni hyggju er frummyndir landvættanna að finna í Sfinxinni. Eftir því sem ég best veit er Sfinxin ekki fullgráfin upp enn, því aftasti hluti hennar kvað enn vera sandorpin. En hún mun hafa verið samsett af fjórum táknum: Ljóni, nauti, manni og sporðdreka. Grísku og kaldeisku Sfinxirnar hafa sporð, og ekki er ólíklegt að frummyndin sé einmitt frá Egyptum komin. Seinna hefur breyting farið fram meðal Gyðinga. Þeir tóku ljónið í burtu og settu örn í staðinn. Þegar komið er til Íslands eru þær birtar í landvættunum, og þá er gammurinn kominn í stað fuglsins. Sfinxin egypska var samsett þannig, að það var nautsbúkur, sporður af sporðdreka, ljónslappir og bógar og höfuð af manni. Uppistöðurnar og frummyndina að landvættunum íslensku er því að finna í Sfinxinni egypsku.



Sfinxin er því samsett af fjórum táknum sem eiga heimkynni sitt í dýrahringnum. Þau eru: Naut, ljón, sporðdreki og vatnsberi. eru þau ták höfuðskepnanna: Jarðar, elds, vatns og lofts. Enginn einstaklingur getur fæðst, lifað og þroskast hér á jörð án aðstoðar þessara höfuðskepna, því þær leggja hver sinn skerf til þess. Sama máli er að gegna um þjóðir og þjóðerni. Þessir stærri einstaklingar geta ekki án þessarar aðstoðar lifað og þróast. Því var það, að fulltrúar þeirra hér á landi létu til sín taka þegar um ágang var að ræða af hálfu utanaðkomandi valdastreitu.

En fleira mun hafa náð hingað til lands en landvættirnar, sem hafa borist hingað alla leið frá Forn-Egyptum.



Á öllum öldum hafa Íslendingar lagt í langferðir, jafnvel til fjarlæggra landa og annarra heimsálfa. Þarf ekki að rekja það sérstaklega því það er alkunna. Þeir lögðu leiðir sínar suður í lönd til þeirra staða þar sem álitid var að heimsmenningin hefði aðsetur. Ýmsar frásagnir eru til um ferðalög þessi, en þó mun líklegt að ekki hafi allt verið sagt sem gerðist í sambandi við þau, og er það ekki einsdæmi.

Launhelgarnar hafa ætíð verið æðstu menntasetur mannsandans, og eru það enn í dag. Það mætti því ráða af líkum, að sumir þessara feðalanga hafi haft hug á því að komast í kynni við þessar miðstövar menningarinnar. Það væri því ekki ólíklegt að einstöku Íslendingar þeirra tíma hafi verið þátttakendur í launhelgunum. En það er vel skiljanlegt að þeir hafi ekki verið að auglýsa þessa þátttöku sína á götum og gatnamótum. Það hefur aldrei verið til siðs.

Athygli mín hefur verið vakin á því á hvern hátt þeir hafa minnt sjálfa sig á stöðu sína í launhelgunum. Það hafi þeir gert með því að merkja það á búnað kvenna sinna. Þeir hafi látið konuna, sem þeir unnu, gefa þetta til kynna og minna sig á stöðu sína, réttindi og skyldur. Þegar skal tekið fram, að hér er ekki um hversdagsbúning að ræða eða vinnuföt, heldur spari- eða hátíðabúning. Faldurinn, eða skuplan, er höfuðdjásn sem konur bera aðeins við hátíðleg tækifæri.

Athugi maður myndir þær sem skráðar voru á veggum musteranna í Egyptalandi fyrir mörgum þúsundum ára, verst hann tæplega þeirri hugsun, að einhver skyldleiki muni vera á milli höfuðdjásna þeirra er þátttakendur báru í egypsku launhelgunum og höfuðbúnaðar kvenna á Íslandi. Í aðalatriðum bera þessir höfuðbúnaðir nokkurn keim hver af öðrum. Vitanlega hafa ýmis atriði fallið burt sem voru tákfræðileg atriði hjá Egyptum. Skuplan ber alls ekki lítinn keim af sumum fuglahöfðunum sem sjá má á höfðum sumra þátttakendanna egypsku, og sama er að segja um faldinn, jafnvel þótt þau hafi verið fest á höfuðið eða hulið það með öðrum hætti en títt var með Forn-Egyptum.

Hjá Egyptum var höfuðbúnaðurinn táknið ákveðins embættis er sá hafði sem bar hann í egypsku launhelgunum. Voru þeir þar táknið ákveðinna alveruaflla, eða guða, sem hlutað-

eigendur voru fulltrúar fyrir og farvegur þeirra hér í heimi. Þetta hefur ekki átt sér stað hér, en hefur verið aðeins ytri líking og bending um þennan veruleika.

Á pilsunum, eða samfellum kvenna, voru gerð brot eða fellingar sem voru mismunandi margar að tölu. Einnig voru hnappar, mismunandi margir, festir á ermarnar. Þetta táknaði, eða var bending um stig þau, sem maður hlutaðeigandi konu hafði öðlast í launhelgunum. Með þessari aðferð bar minna, eða alls ekki, á hvað um var að vera og gat ekki vakið neina athygli.

Belti kvenna voru og eru mjög skrautleg og hafa alltaf verið mjög áberandi atriði í búningnum, og ævinlega voru þau úr góðmálmi gerð, en allir góðmálmar og gimsteinar eru ágætur farvegur fyrir æðri orku.

Í egypsku launhelgunum voru beltin einmitt eitt markverðasta atriðið. Þau voru ákaflega mögnuð, eða hlaðin æðri orku, og þegar þátttakendur girtu sig beltunum hélt þessi æðri mögnun öllum hinum lægri kenndum mannsins í skefjum og einangraði þær þannig, að eingöngu hið æðra gat haft óhindruð áhrif meðan þeir báru beltin, en það gerðu þeir sérstaklega við athafnir sínar í launhelgunum. Og sprotinn, sem hangir niður úr beltinu íslenska, bendir á það að hann sé sérstakur farvegur fyrir þessa orku, og að hún streymir niður í hið lægra efni og tendrar hið andlega líf þess.



Hversdagsbúningurinn, eða upphlutsbúningurinn, kemur að nokkru leyti einnig til greina í þessu sambandi.

Skotthúfan er einnig mjög markvert athugunarefni. Er hún fest ofan á höfuðið yfir hvirfilinn, einmitt þann hlutann þar sem kórónustöðin er, sú æðsta hinna dulrænu stöðva í manningum. Hún táknar það, að hún veitir viðtöku orku þeirri sem fer í gegnum þessa stöð á hinum þroskaða manni og dregst saman í miðju hennar og fer út um þann hluta húfunnar sem hólkurinn hylur, en dreifist loks í ótal straumum í gegnum alla silkiþræðina sem skúfenn myndar. Miðstöð þessi er stundum nefnd *Þúsundstraumastöðin*. Er hún í Búddha-kórónunni, sem sýnd er á sumum myndum af Búddha.



Norskir stúdentar sýna þetta einnig í húfum sínum með því að rykkja koll húfunnar saman og láta enda í skúf sem liggur á öxlinni, en er festur við koll húfunnar með bandi eða snúinni snúru.

Um þessa höfuðstöð mannsins hefur verið ort vísa. Stöð þessi er nefnd „Sahasrara“ á sanskrít. — Vísan hljóðar svo:

„Sahasrara situr efst á sjálfum hvirfli,
eins og viti æðri heima.
Allir munu þetta reyna.“

Skúfhólkurinn bendir á einangrun þá sem straumar þessir fara í gegnum áður en þeir breiðast út og verða nothæfir. En takmörkun þessi, frá vissu sjónarmiði, takmörkun þessa heims, sem þeir verða að komast í samband við áður en þeir geta orðið til fullnustu nothæfir, á líkan hátt og rafmagnið safnast saman í aflstöðinni áður en það getur farið frá henni í nothæfu ástandi til þess að vinna sitt gagn hér í heimi. Annars mun skúfurinn að líkindum vera af indverskum uppruna.

Þá má minna á upphlutinn og skrauttreyjuna. Þau voru oft lögð gulleða silfursnúrum frá öxlum yfir herðablöðin og niður bakið allt niður í mjóhrygg, niður undir beltið og náði þar nálega saman. Bendir það á áhrif þau sem falla í gegnum tvær miðstöðvar sem eru ofantil á bakinu beggja vegna, og liggja frá þeim niður mænuna til þess að hreinsa hana, og gerist þetta með knéfallinu í kirkjunni. Knéfallið er annarsgeislstilling, og er til orðin af þessum ástæðum. Er með þessu verið að hreinsa mænuganginn, til þess að búa hann undir að veita viðtöku straumi þeim sem síðar á að streyma upp um mænuna og nefndur hefur verið *höggormseldurinn*, eða „Kundalini“.



Þá vil ég minnast lítils háttar á upphlutinn. Eins og allir vita, er hann reimaður saman að framan með málmsnúru sem brugðið er í gegnum millurnar. Ef maður athugar hvernig snúran er látin liggja kemur í ljós að hún mótar *kross hins heilaga Andreas*, skákrossinn. Kross þennan geta menn séð í breska fánanum „Union Jack“. Er hann samsettur af tveimur fánam; venjulegum krossfána í þremur litum, eins og íslenski fáninn, en þverálma krossins er á miðju lóðréttu álmunnar þegar fáninn hangir niður eins og fáni á þverstöng. En hinn fáninn er með skákrossi sem liggur frá miðju út í horn fánans. Í „Union Jack“ eru þessir tveir fánar settir saman í einn fána. Er fyrri krossinn enskur, en skákrossinn skoskur.

Þegar konan hefur reimað að sér upphlutinn, liggja reimarnar þannig á milli millanna að þær móta þennan skákross — eða kross hins heilaga Andreas.

Þegar kross þessi er mótaður í fána verður hann lengri en hann er breiður, og er það að líkindum ekki fullkomin mynd af honum. Hann á sennilega að liggja eða mótast á ferhyrindum grunni. Verða þá bilin á milli allra enda hans jafn breið.



Þá móta eyðurnar á milli álma hans annan kross; *Möltukrossinn*. eru það fjórir fleygar þar sem oddarnir mætast allir í miðju krossins. Á Vesturlöndum er kross þessi merki Mölturiddaranna, en þeir hafa tekið kross þennan að láni frá öðrum. Kross þessi, Möltukrossinn, er miklu eldri en kristna trúin. Hann er austurlenskur að uppruna. Er hann assýrískur kross, og er að líkindum stafur eða tákn, eða hvort tveggja. Assýríska letrið er

fleygletur. Stafir þess eru gerðir úr fleygum, sem raðað er upp eftir ákveðnum reglum, en mismargir fleygar eru í hverjum staf.

Allir venjulegir krossar eru samsettir af tveimur línnum. Er önnur þeirra lárétt, en hin lóðrétt. Lárétta línan er tákn efnisins, en lóðrétta línan tákn andans. Eru allir þessir krossar tákn sameiningar anda og efnis, og fórnar andans með því að sameinast efninu og binda sig því — takmarka sig. Birting hinnar starfandi tilveru er því sögð í krossinum, og hin mikla frumfórn andans sem verður að fara fram til þess að tilveran geti orðið til.

Möltukrossinn er því samsettur af fjórum fleygum, sem hver um sig mótar þríhyrning og þrjár hliðar. Þessar hliðar eru því 12 talsins, og benda á nokkrar kunnar staðreyndir, sem sé 12 mánuði ársins, 12 ár — $\frac{1}{3}$ hluta hvernar plánetualdar í hinu forna egypska tímatali, postulana 12, 12 merki dýrahingsins, pláneturnar 12, tónana 12 í tónstiganum — sjö heiltóna og fimm hálfóna — og blöðin 12 í rós Rósarkrossins — sjö ytri blöð og fimm innri blöð.

Ef við lyftum Möltukrossinum, eða Assýríukrossinum, upp um miðjuna og létum álmurnar falla saman til hliðanna, höfum við rétta mynd af pýramída. Þetta bendir á náið samband á milli Egypta og Assýríumanna, enda voru sumir Egyptalandskonungar ráðendur Assýríu um tíma fyrir á öldum, eða löngu fyrir Krists burð.

Pýramídiinn er nefndur *hús ljóssins* og virðist hann fela í sér öll þau tákn og hugmyndir sem liggja nú í Möltukrossinum og samstæður hans, er ég nú hef minnst á. Það má því með nokkrum rétti segja, að hann og pýramídiinn séu eitt af víðtækustu táknum sem mannkyninu hafa ennþá verið gefin.

Með framanskraðum línnum vildi ég benda á, að nánara samband muni vera á milli íslenskrar menningar og uppistöðu hennar og Forn-Egypta en menn hafa haldið.

Jón Árnason, prentari.